



## Ályktun

Aðalfundur Knattspyrnufélagar Íslands, haldinn að Hótel Sögu 10. desember 1994, beinir þeim tilmælum til KSÍ að hefja nú þegar, í samráði við KÞÍ, undirbúning að kynningu á leiknum 4:4 fyrir börn og unglinga í þeim tilgangi að draga úr þeir miklu keppni sem þekktist í yngstu knattspyrnuflokkum hér á landi.

### Greinargerð

Tilgangur með ályktun þessari er sem hér segir:

#### 1. Að draga úr keppni í yngstu flokkunum

Allir þekkja hina miklu keppni sem viðgengst í yngri flokkum hér á landi sem annars staðar. Hún helgast að miklu leyti af því keppnis- og mótafyrirkomulagi sem hér er við lýði. Megintilgangur og markmið leiksins 4:4 er að draga úr þessari keppni og þeim slæmu afleiðingum sem hún hefur gjarnan í för með sér. Hugmyndin að baki þessu leikfyrirkomulagi gerir það mögulegt að minnka mikilvægi sigursins og þá einkanlega hjá yngstu flokkunum.

#### 2. Að minnka brottfall leikmanna úr knattspyrnu

Hið gífurlega brottfall leikmanna úr knattspyrnunni á aldrinum 13-16 ára er mikið vandamál fyrir knattspyrnuhreyfinguna og knattspyrnuíþróttina. Gegn þessu þarf að sporna með öllum ráðum. Leikurinn 4:4 er eitt af þessum ráðum. Erlendis hefur leikurinn gefist vel og þess vegna er löngu tímabært að taka leikinn upp hér.

#### 3. Að knattspyrnan verði hér eftir sem hingað vinsælasta íþróttgreinin hér á landi

Knattspyrna er og hefur verið vinsælasta og mest stundaða íþróttgrein á Íslandi. Að henni er þó sótt úr ýmsum áttum. Til þess að knattspyrnan geti haldið þessari stöðu sinni er mikilvægt að knattspyrnuforystan í landinu, ásamt þjálfurum, haldi vöku sinni og vinni stöðugt að því að þróa leiðir sem haldið geta knattspyrnunni á þeim stalli sem hún er nú. Ein þessara leiða er leikurinn (eða leikformið) 4:4 eins og hann er yfirleitt kallaður.

#### 4. Að fjölga iðkendum og efla íþróttina

Auk þess sem hér hefur verið nefnt, eykur leikurinn ánægju leikmanna af íþróttinni, fjölgar iðkendum, eflir íþróttina og auðveldar leikmönnum að skilja leikinn. Þetta eru aðeins örfá rök fyrir því að innleiða þennan leik í íslenska knattspyrnu og fundurinn beinir því þeim tilmælum til KSÍ að hefja nú þegar, í samráði við KÞÍ, undirbúning að því hið allra fyrsta.